

Reglugerð íþróttá og afrekssjóðs Rangþings Eystra.



1.

Sjóðurinn heitir íþróttá og afrekssjóður Rangþings eystra og var stofnaður 2018 af Rangþingi eystra. Sjóðurinn er í vörslu Heilsu, íþróttá og æskulýðsnefndar Rangþings eystra.

2. Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum Heilsu-, íþróttá og æskulýðsnefndar. Verkefni stjórnar er að ákvarða styrkveitingar og viðurkenningar fyrir unnin afrek, hafa eftirlit með nýtingu styrkveitinga og sjá um fjáröflun og kynningarstarfsemi sjóðsins. Starfstími sjóðsstjórnar er kjörtímabilið.

3. Markmið sjóðsins.

Markmið sjóðsins eru:

- a) Að veita einstökum íþróttá og eða afreksmönnum, sem keppa fyrir hönd íþróttafélags í Rangþingi eystra, viðurkenningu og fjárstuðning til að auðvelda þeim æfingar og þáttöku í mikilvægum keppnum.
- b) Að taka við tilnefningum á íþróttamanni ársins og velja úr þeim hópi.

4. Umsóknir

1. Heilsu-, íþróttá- og æskulýðsnefnd úthlutar styrkjum úr sjóðnum og er heimilt að auglýsa eftir umsóknum um styrki eftir nánari ákvörðun nefndarinnar, en getur einnig veitt styrki og viðurkenningar án umsókna. Einungis íþróttagreinar sem viðurkenndar eru af íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands koma til greina við úthlutun styrkja.
2. Hvert styrktímabil er almannaksárið og er úthlutað úr sjóðnum tvisvar á hverju styrktímabili fyrri úthlutun fer fram í mars og seinni úthlutun í október. Umsóknir um styrki fyrir fyrri tímabil skulu berast fyrir 1. mars og seinna tímabil fyrir 1. október.

Með umsókn skulu fylgja:

- a) Áætlanir um æfingar og fyrirhugaðra þátttöku í keppnum og markmiðum íþróttamannsins.
- b) Fjárhagsáætlun vegna fyrirhugaðra æfinga og/eða keppna.
- c) Kennitala og reikningsnúmer.
- d) Önnur gögn er stjórn sjóðsins kann að telja nauðsynleg.

Sjórn íþróttá- og afrekssjóðs skal svara skrifalega öllum umsóknum sem berast.

5. Greiðsla styrkja

Greiðslur úr íþróttá- og afrekssjóði eru annars vegar styrkir og hins vegar viðurkenningar fyrir unna titla.

- a) Styrkir yfir 30.000 greiðast í tvennu lagi, helmingur þegar ávörðun liggur fyrir og síðari hluti þegar styrktímabilið er hálfnað að fenginni greinargerð um nýtingu þess hluta sem þegar hefur verið greiddur. Vanræki styrkþegi þessa upplýsingarskyldu eða telji sjóðsstjórnin að styrkurinn hafi ekki verið nýttur í samræmi við framlagðar áætlanir er sjóðsstjórn heimilt að fresta eða víkja frá frekari styrkveitingum. Styrkir lægri en að fjárhæð 30.000 greiðast út í einu lagi þegar ákvörðun liggur fyrir.
- b) Viðurkenningar greiðast fyrir unnin afrek á liðnu tímabili.

Styrkuppþæðir miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

6. Skyldur styrkþega

Allir þeir íþróttamenn sem þiggja styrk úr íþróttá- og afrekssjóði skulu hlíta þeim reglum sem íþróttá og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan valla sem utan. Gerist styrkþegi brotlegur á þessum reglum getur Heilsu- íþróttá og æskulýðsnefnd stöðvað greiðslur til styrkþega og jafnvel krafist endurgreiðslu styrksins. Viðkomandi íþróttamenn skulu jafnframt koma fram í skólum og hjá félögum í sveitarfélaginu sé þess óskað af Heilsu- íþróttá og æskulýðsnefnd.

7. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

- a) Árlegt framlag sveitastjórnar samkvæmt fjárhagsáætlun
- b) Frjáls framlög
- c) Vaxtatekjur

8. Uppgjör sjóðsins

1. Uppgjör sjóðsins skal birta árlega með fundargerðum nefndarinnar.
2. Leitast skal við að minnsta kosti 75% tekna sjóðsins sé úthlutað á hverju tímabili.

9.

Reglugerð þessi tekur gildi þegar sveitarstjórn Rangárbings eystra hefur staðfest hana og skal endurskoðuð eigi síðar en árið 2020.

Samþykkt á fundi starfshóps um íþrótt og afrekssjóð Rangárþingi eystra 2.maí 2018

Benedikt Benediktsson

Bjarki Oddsson

Bóel Anna Þórisdóttir

Helga Guðrún Lárusdóttir

Helgi Jens Hlíðdal

Jónas Bergmann Magnússon

Ólafur Örn Oddsson
